



**Kveðja
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á sumardaginn fyrsta,
23. apríl 2020**

Gleðilegt sumar, góðir landsmenn! Ég sendi ykkur kveðju á þessum forna tyllidegi okkar Íslendinga, sumardeginum fyrsta. Vissulega er vandi okkar ærinn um þessar mundir. Fólk hefur láttist af völdum veirunnar skæðu, margir veikst illa og samúð skulum við sýna öllum þeim sem nú eiga um sárt að binda.

Ekki verður heldur fram hjá því litið að atvinnuleysi og þrengingar leika þjóðina nú grátt. En við gefumst ekki upp og getum leyft okkar að horfa til bjartari daga. Vorboðar eru þegar búnir að sýna sig. Lóan kom fyrir skemmstu, tjaldur, margæs og aðrir farfuglar sömuleiðis, og fyrr í þessari viku sáust fyrstu kríurnar nálægt Höfn í Hornafirði. Von bráðar verða þær komnar víðar um landið.

Síðustu ár hefur mér hlotnast sú ánægja og heiður að fagna sumarkomu á opnum degi og hátíðarstund við Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjunum í Ölfusi. Betri staður til þess er vandfundinn. Gjarnan er sagt að sú stofnun sé réttnefndur skóli lífs og lands og undir það má taka. Námið við hinar ýmsu starfsstöðvar landbúnaðarháskólans snýst um náttúru Íslands og lífríki, sjálfbæra nýtingu og skynsamlega vernd, okkar kynslóðum til hagsbóta og ekki síður þeim sem á eftir koma.

Í ár stóð einnig til að opna með formlegum hætti Vínlandssetur í Búðardal núna á sumardaginn fyrsta, safn um siglingar formæðra okkar og forfeðra vestur um haf fyrir meira en þúsund árum. Sagt hefur verið að á vorin hafi fornmönnum hlaupið kapp í kinn; þá voru örvar skeftar, skildir treystir, sverð fáguð og útþráin óx með degi hverjum. Um það allt skal ég ekki dæma en hitt viðurkenni ég að áður en veiran lagði stein í götu hafði ég vissulega ætlað að leggja land undir fót í dag, halda að Reykjunum og þaðan vestur í Búðardal til að kynna mér hið nýja Vínlandssetur.

En nú má ekki halda fjölmenn mannamót, því valda veiran og varnir við henni. Og hér verður einnig að nefna þann fjölda hátíða sem fyrirhugaðar voru í byggðarlögum um land allt. Fullvist er sömuleiðis að í sumar verður sjómannadeginum, næsta þjóðarviðburði í dagatalinu, ekki fagnað með sama brag og áður. Þannig er nú orðið ljóst að Sjóarinna síkáti, sem ég hef heimsótt í Grindavík undanfarin ár, heldur sig heima við að þessu sinni.

Kveðjum og góðum óskum verður að koma á framfæri með öðrum hætti en áður. Við þurfum að finna lausnir og þá gerum við það.

Fyrr á tíð gat voðinn verið vís, tæki sprettulítið sumar við af hörðum vetri. Enn skiptir vissulega máli að heyfengur sé góður og sauðfé komi vænt af fjalli. Sömuleiðis eigung við ennþá mikið undir því sem sjórinn gefur, það er óbreytt.

Hitt er nýtilkomið að undanfarin ár hefur afkoma þjóðarinnar byggst í ríkum mæli á því að ferðamenn flykkist hingað, ekki síst um sumartímann. En nú sjást þeir ekki, ólíkt farfuglunum; nú þykir það eins frétnæmt og kríuparið sem lenti í Óslandi við Höfn að tveir erlendir ferðalangar sáust á sveimi við Mývatn.

Hér þarf því líka að hugsa í lausnum. Við munum áfram njóta þeirra meginstoða, sem efnahagslífið hvílir á, en nýsköpun þar er mikilvæg sem aldrei fyrr – nýsköpun á öllum sviðum.

Pennan dag – sumardaginn fyrsta – má jafnframt muna að það birtir alltaf til. Hvarvetna er fólk tilbúið að leggja sitt af mörkum, fái það tækifæri til að sýna hvað í því býr, hér á höfuðborgarsvæðinu og um land allt. Við búum að því að eiga auðlindir til sjávar, sveita og heiða, við eigung mannaud – hugvit, djörfung og atorku – og við eigung okkar sameiginlegu sögu um líf á þessu landi í meira en þúsund ár.

Já, kæru landsmenn: Leyfum okkur því að láta sumardaginn fyrsta blása okkur gleði og von í brjóst, þrátt fyrir þann drunga sem hvílir óneitanlega yfir þjóðlífina. Lóan er komin að kveða burt snjóinn og kveða burt leiðindin. Þannig orti Páll Ólafsson á sinni tíð og ég geri niðurlag vísu hans að mínum lokaorðum hér um leið og ég óska ykkur öllum alls velfarnaðar: „Hún hefir sagt mér að vaka og vinna / og vonglaður taka nú sumrinu móti.“

Gleðilegt sumar.